

Kópavogsbær  
Birgir Hlynur Sigurðsson,  
skipulagsstjóri  
Fannborg 2  
200 Kópavogur



Reykjavík, 12. desember 2014  
Tilvísun: UST20141100109/ksj

## Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi Smárinn vestan Reykjanesbrautar

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Kópavogsbæjar er barst 18. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu deiliskipulags Smárans vestan Reykjanesbrautar.

### Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að á skipulagssvæðinu sem er alls 141.000 m<sup>2</sup>, hafi þegar verið byggðir 83.280 m<sup>2</sup> og stefnt er að því að reisa samtals um 84.000 m<sup>2</sup> á suðurhluta svæðisins ásamt bílgeymslum sem verða alls 27.000 m<sup>2</sup>. Í aðalskipulagi Kópavogs er stefnan að nýtingarhlutfall á svæðinu verði 1,3 og þar er landnotkunin miðsvæði. Í væntanlegri deiliskipulagstillögu er gert ráð fyrir að á svæðinu rísi blönduð byggð verslana og íbúða.

### Tillaga að deiliskipulagi

Að mati Umhverfisstofnunar er hér verið að marka byggð á ofangreindu svæði með hátt nýtingarhlutfall, gert er ráð fyrir að byggingar verði 4 - 7 hæðir, og að í nágrenni Smáralindar verði áætlaður íbúðaturn alls 14 hæðir. Fram kemur í lýsingu að varðandi yfirbragð og ásýnd verði lögð áhersla á hæðir og form bygginga, að opin svæði verði mótuð, hugað verði að staðsetningu íbúða m.t.t. til umferðarhávaða og áhrif væntanlegrar byggðar á nærliggjandi byggð. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að skoða vel möguleg áhrif á loftgæði og möguleg sjónræn áhrif tillögunnar.

### Samgöngur og umferð

Skipulagssvæðið er umkringt af stofn- og tengibrautum. Umhverfisstofnun tekur undir þær áherslur að aukinn verði fjölbreytileiki í samgöngumálum s.s. áherslur fyrir góðar aðstæður fyrir gangandi, hjólandi og þá sem nýta almenningssamgöngur. Til að koma í veg fyrir verri loftgæði samfara mikilli uppbyggingu þarf að þróa breyttar ferðavenjur samhliða uppbyggingu á svæðinu, þ.e. hjóla- og göngustíga og almenningssamgöngur. Loftgæðamælingar sem fara fram við Dalsmára í Kópavogi sýna að í Kópavogsdal er

svifryksmagn í lofti hátt summa daga þegar svokallaðir toppar eru. Það er því afar mikilvægt að aukin uppbygging á Smárasvæðinu, hafi ekki í för með sér rýrnun loftgæða.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

A. B. G. Guttormsdóttir  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri